

L Ö G

3

5. jan.

um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Fyrri málslíður 24. greinar laganna orðist þannig:

Í skuldabréfum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að séu
vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í réttan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina
umsömdu leigu greiða 1% af vangoldnum vöxtum og afborgunum fyrir hvern
mánuð, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gerð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.